

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsáætlanir í Reykjavík.

*Grafarlækur, Stekkjarmóar, Djúpidalur.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 12. febrúar 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Grafarlæk, Stekkjarmóa og Djúpadal. Í breytingunni fólst breytt afmörkun athafnalóða við Suðurlandsveg. Þar sem breytingin hafði ekki íþyngjandi áhrif á hagsmuni annarra en Reykjavíkurborgar var tillagan hvorki auglýst né grenndarkynnt. Af þeim sökum gerði Skipulagsstofnun athugasemd við að auglýsing um gildistöku hennar yrði birt.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Suðurhlíð, dreifistöð.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 22. janúar 2002, breytingu á deiliskipulagi í Suðurhlíðum, norðan við lóð Suðurhlíðaskóla. Breytingin fól í sér lóðarafmörkun og heimild til byggingar lítillar dreifistöðvar fyrir rafmagn. Þar sem breytingin hafði ekki íþyngjandi áhrif á hagsmuni annarra en Reykjavíkurborgar var tillagan hvorki auglýst né grenndarkynnt. Af þeim sökum gerði Skipulagsstofnun athugasemd við að auglýsing um gildistöku hennar yrði birt.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Miklabraut/Kringlumýrabraut/Grensásvegur, göngubrú.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 18. desember 2001, breytingu á deiliskipulagi Miklubrautar milli Kringlumýrabrautar og Grensásvegur. Breytingin felst í því að heimilt verður að byggja göngubrú á milli Kringlunnar og íþróttasvæðis Fram, auk breytinga á stígakerfi tengdu þeirri framkvæmd.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Skálafell.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 18. desember 2001, deiliskipulag fyrir skíðasvæði í Skálafelli. Skipulagið gerir m.a. ráð fyrir að á svæðinu verði heimilt að byggja þjónustumiðstöð, þjónustuhús, 10 smáhýsi, fimm skíðalyftur o.fl.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 18. mars 2002.*

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

**Helga Bragadóttir.**